


Þórunn Pálsdóttir

# Froskaprinsinn

Leikrit fyrir 7-9 ára



NÁMSGAGNASTOFNUN  
2009

## Persónur:

1. SÖGUMAÐUR

2. SÖGUMAÐUR

DROTTNING

FROSKURINN

KÓNGUR

PRINSINN

Yngsta kóngsdóttir

Mið-kóngsdóttir

Elsta kóngsdóttir

Hirðmey 1

Hirðmey 2

Hirðmey 3

Hirðmey 4

1. lífvörður

2. lífvörður

1. hirðsveinn

2. hirðsveinn

# 1. Þáttur

(Kóngur, drottning og kóngsdætur sitja í hásætum. Hirðmenn og hirðmeyjar standa við hásætin og varðmennirnir standa vörð. Sögumenn eru við hljóðnema).

1. SÖGUMAÐUR:

Í gamla daga, meðan enn var hægt að fá óskir sínar uppfylltar, var uppi kóngur sem átti þrjár forkunnar fagrar dætur.

2. SÖGUMAÐUR:

En sú yngsta var alveg sérstaklega yndisfríð.

1. SÖGUMAÐUR:

Í grennd við höll kónsins var stór og dimmur skógur og í þeim skógi, undir ævagömlu linditré, var brunnur.

*(Kóngsdóttir gengur að brunninum með gullkúluna og fer að leika sér með hana).*

2. SÖGUMAÐUR:

Litla kóngsdóttirin fór oft inn í skóginn og settist í svalann við brunninn og tók gullna kúlu sem hún átti, kastaði henni upp í loftið og greip hana aftur.

*(Kóngsdóttirin missir kúluna í brunninn).*

1. SÖGUMAÐUR:

En svo varð einu sinni það óhapp að gullkúla kóngsdótturinnar lenti beint ofan í brunninn.

KÓNGSDÓTTIR:

*(leið): Ó, nei! Ég missti kúluna (fer að gráta).*

*(Froskur kemur til hennar).*

FROSKURINN:

Af hverju ertu svona raunamædd?

KÓNGSDÓTTIR:

Æ, ég missti kúluna mína í brunninn *(grætur hátt)*.

FROSKURINN:

Hættu að gráta. Hvað viltu gefa mér ef ég næ í gullkúluna?

KÓNGSDÓTTIR:

Hvað sem þú vilt, elsku froskur.

### 1. SÖGUMAÐUR:

Kóngsdóttirin sagði: Nefndu það bara. Þú getur fengið fötin mín, perlurnar og gimsteinana mína og jafnvel gullkórónuna af höfði mér, ef þú sækir gullkúluna.

### 2. SÖGUMAÐUR:

Þá sagði froskurinn: Fötin þín, perlurnar og gimsteinana þína og jafnvel gullkórónuna kæri ég mig ekkert um. En ef þú gætir látið þér þykja vænt um mig og ég mætti vera leikfélagi þinn. Ef ég má sitja hjá þér við borðið, eta af gulldiskinum þínum, drekka úr gullbikarnum þínum og sofa hjá þér í silkirúminu. Ef þú vilt lofa mér þessu öllu, þá skal ég sækja fyrir þig gullkúluna.

### KÓNGSDÓTTIR:

Já, já, já, ég skal lofa þér hverju sem þú vilt, ef þú bara sækir gullkúluna mína.

### 1. SÖGUMAÐUR:

En með sjálfri sér hugsaði hún: Hvað er þessi fáráði froskur að þvaðra. Heldur hann að hann geti orðið leikfélagi nokkurrar manneskju, hvílk fjarstæða.

*(Froskurinn nær í kúluna og afhendir kóngsdóttur hana. Kóngsdóttir þrífur hana af honum og hleypur í burtu).*

### FROSKURINN:

Bíddu, bíddu. Taktu mig með þér. Ég get ekki hlaupið eins og þú.

## 2. Þáttur

*(Kóngafólkið og hirðin sest að borðum).*

2. SÖGUMAÐUR:

Daginn eftir, þegar litla kóngsdóttirin var sest að hádegisverðarborðinu með kónginum og öllu hirðfólkinu, þá heyrðist allt í einu flippflapp, flippflapp ...

*(Froskurinn bankar á dyrnar).*

FROSKURINN:

Kóngsdóttirin yngsta, komdu og opnaðu dyrnar.

*(Kóngsdóttir fer og opnar dyrnar).*

1. SÖGUMAÐUR:

Þegar kóngsdóttirin lauk upp sá hún froskinn sitjandi fyrir framan. Þá skellti hún hurðinni harkalega í lás og settist við borðið en skalf af hræðslu.

KÓNGUR:

Hvað er að?

KÓNGSDÓTTIR:

Það er einhver viðbjóðslegur froskur sem vill komast inn.

ALLIR:

*(undrandi):* Froskur!?

DROTTNINGIN:

Hvað vill froskurinn þér?

2. SÖGUMAÐUR:

Hún sagði þeim alla sólaröguna.

KÓNGSDÓTTIR:

Og nú stendur hann hér fyrir utan og vill komast inn til mín.

KÓNGUR:

*(stendur upp og segir hátt):* Maður á að efna loforð sín.

HIRÐMEYJAR og HIRÐMENN:

*(kinka öll kolli):* Það er alveg rétt. Maður á að efna loforð sín.

KÓNGUR:

Varðmenn, farið, opnið fyrir honum og hleypið honum hingað inn.

## 1. SÖGUMAÐUR:

Varðmennirnir opnuðu fyrir froskinum og hleyptu honum inn. Hann settist að borðum og át af gulldiski og drakk úr gullbikar kóngsdóttur.

*(Allir teygja sig og geispa).*

## KÓNGUR:

Nú skulum við öll fara að sofa.

*(Allir standa upp).*

## FROSKURINN:

Ég hlakka svo til að sofa í mjúku, hlýju og fínu rúmi.

## KÓNGSDÓTTIR:

Dú færð sko ekki að sofa hjá mér, blauti, kaldi og slímugi froskur.

*(KÓNGUR veifar vísisfingri að kóngsdóttur).*

## 2. SÖGUMAÐUR:

Þá sagði kóngurinn við hana: Þú gerir nákvæmlega það sem þú lofaðir. Það má ekki bregðast þeim sem bjargar manni úr nauðum.

## KÓNGSDÆTUR OG HIRÐIN:

Maður á að standa við loforð sín.

## KÓNGSDÓTTIR:

*(við froskinn):* Oh, komdu þá.

## TJALDIÐ

## 3. Þáttur

(Í herbergi kóngsdóttur. Hirðmaður 1 og hirðmaður 2 koma með lítið rúm á sviðið).

1. SÖGUMAÐUR:

Án þess að bursta í sér tennurnar eða bregða greiðu í hárið skreið prinsessan í flýti undir sængina og vafði henni eins fast að sér og hún mögulega gat.

FROSKURINN:

Ég vil að þú bjóðir mér góða nótt með kossi áður en þú ferð að sofa.

KÓNGSDÓTTIR:

(*stekkur fram úr rúminu*): Nei takk, kemur ekki til mála. Þú færð aldrei að kyssa mig. Oj bara.

2. SÖGUMAÐUR:

Froskurinn sagði að ef hún sviki loforðið þá segði hann föður hennar frá því.

FROSKURINN:

Ef þú svíkur loforðið segi ég föður þínum frá því.

KÓNGSDÓTTIR:

(hryllir sig en kyssir hann svo á kinnina. Froskurinn bregður sér á bak við tjöldin og myndarlegur prins kemur tilbaka): Hver ert þú?

PRINSINN:

Ég er prins.

1. SÖGUMAÐUR:

Prinsinn sagði að það hefði verið ljótri norn að kenna að hann var í álögum. Hún breytti honum í frosk og skildi hann eftir hjá lindinni í skóginum. Enginn gat leyst hann úr álögum nema sönn prinsessa.

2. SÖGUMAÐUR:

Fyrst varð hún að fallast á að leika við hann og vera vinur hans og það sem mest var um vert, hún varð að kyssa hann. Hann gat ekki orðið prins á ný fyrir en hann hefði borðað af diskum prinsessunnar, dvalið í svefnherbergi hennar og fengið koss hjá henni.

PRINSINN:

Viltu giftast mér?

KÓNGSDÓTTIR:

Já, það vil ég. Komdu, við skulum segja pabba og mömmu frá þessu.

## 4. Þáttur

*(Kóngur og drottning sitja í hásetum sínum og systurnar sitja við hliðina á þeim. Varðmenn, hirðmenn og hirðmeyjar standa hjá. Þegar kóngsdóttir og prinsinn koma inn standa kóngur og drottning upp og koma til þeirra).*

### 1. SÖGUMAÐUR:

Þegar prinsessan hafði sagt foreldrum sínum upp alla söguna og þau voru sjálf búin að sjá froskaprinsinn leist þeim ágætlega á að hún giftist honum.

### KÓNGUR:

Við skulum halda brúðkaup þegar í stað og það skal verða veisla sem um munar.

### ALLIR:

Já, bravó, bravó!!!

*(Allir leikendur koma fram og leiðast).*

### Allir:

Köttur út í mýri,  
setti upp á sig stýri,  
úti er ævintýri

### TJALDIÐ